

Alþingi
Erindi nr. P 135/3141
komudagur 4.9.2008

Nefndasvið Alþingis
heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. september 2008

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar

Heilbrigðisnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamband eldri borgara (LEB) um frumvarp til laga um sjúkratryggingar, 613. mál, heildarlög. Vegna sumarleyfa og mikils tíma sem fór í að yfirfara og kynna sér þetta viðamikla frumvarp tókst ekki að svara beiðninni á tilsettum tíma, þ.e.a.s. fyrir 1. júlí 2008 en félagið vonar að tekið verði tilliti til athugasemda landssambandsins þrátt fyrir það. Ljóst er að frumvarpið felur í sér grundvallarbreytingar á stjórnsýslu og framkvæmd heilbrigðisþjónustunnar. Markmiðið er m.a. að auka áherslu á gæðaeftirlit, árangursstjórnunar og kostnaðargreiningu, sem LEB telur að verði til bóta. LEB vill þó benda á eftirfarandi atriði sem það vonast til að tekið verði tillit til við afgreiðslu frumvarpsins:

1. Í fjölda greina er orðalag á þessa leið: „Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar“. LEB telur að ráðherra sé gefið of mikið vald með setningu þessa fjölda reglugerða og að lögín ættu í mörgum tilfellum að vera skýrari og afdráttarlausari þannig að ekki þurfi að koma til setningu mikils fjölda reglugerða.
2. Landssambandið telur að það ákvæði sem fram kemur í 19. grein, um að greiðsluþátttaka sjúkratrygginga skuli háð því skilyrði að fyrir liggi tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis, sé íþyngjandi fyrir eldri borgara. 3.
3. Landssambandið telur það afar óheppilegt orðalag í 20. 21. og 22. grein þar

sem sagt er að ráðherra geti sett reglugerð um „*takmörkun*“ greiðslubátttöku sjúkratrygginga vegna tannlækninga og tannréttinga, sjúkráþjálfunar, iðjuþjálfunar og talþjálfunar eða annarrar sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu. LEB leggur til að orðið „*takmörkun*“ falli brott í þessum greinum frumvarpsins og ráðherra gert að setja reglugerð.

4. Landssambandið telur að togstreita geti skapast milli ráðuneyta félags- og tryggingamála annars vegar og heilbrigðismála hins vegar með ákvæði 24. gr. þar sem talað er um að sjúkratrygging taki m.a. til heilbrigðisþjónustu sem veitt er á hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila því þessar stofnanir falla að öðru leyti undir félags- og tryggingamálaráðuneyti. LEB telur að öll málefni aldraðra eigi að falla undir félags- og tryggingamálaráðuneyti.
5. Í 26. gr. þykir landssambandinu eðlilegt að þegar rætt er um hjálpartæki til að aðstoða fatlaða við að takast á við umhverfi sitt, verði aldraðir einnig nefndir sérstaklega því þeir þurfa í mörgum tilfellum á slíkum tækjum að halda.
6. Í 29. gr. er rætt um gjaldtöku varðandi ýmsa þætti heilbrigðisþjónustu sem sjúkratryggðir einstaklingar eiga rétt á. Í 3. tölulið 29. gr. kemur m.a. fram að ekki sé heimilt að taka gjald fyrir hjúkrun í heimahúsum, sem er í samræmi við núgildandi lög. Landssambandið telur að heimahjúkrun eigi að samþætta félagsþjónustu sveitarfélaga og bendir á að nýlega var skýrt frá verkefni ríkisins og Reykjavíkurborgar um samþættingu heimahjúkrunar og heimilishjálpar sveitarfélaga sem myndi þá falla undir félags- og tryggingamálaráðuneyti. Landssambandið er því þeirrar skoðunar að ekki sé rétt að festa í lög að heimahjúkrun heyri áfram undir heilbrigðisráðuneyti.
7. Að síðustu vill LEB benda á að ekki kemur skýrt fram í frumvarpinu hvernig samstarfi Tryggingastofnunar ríkisins og hinnar nýju Sjúkratryggingastofnunar verði háttað í framtíðinni.

Virðingarfyllt

Landssamband eldri borgara

Helgi K. Hjálmsón
formaður

Borgþór S. Kjærnested
framkvæmdastjóri